

## Erindi flutt á fundi um öryggismál sjómanna í Ólafsvík 15. apríl 2003

Ég þakka fyrirlesurum góð erindi.

Það hafa orðið miklar breytingar með tímanum. Tækninni hefur fleygt áfram og í dag leggja menn mun meiri áherslu á öryggismálin en gert var hér á árum áður.

Það eru nokkur atriði sem ég tel ákaflega mikilvæg og vil koma inn á hér.

Mikilvægt er að bruna- og sjóviðvörðunarkerfi í skipum séu í lagi. Það hefur oft sýnt sig að menn hafa ekki orðið varir við að sjór hefur komist inn í skip sem síðan hefur leitt af sér að skipið missir stöðugleikann.

Menn verða að gera sér grein fyrir að varúðarráðstafanir vegna sjós sem komið getur í skip þurfa að vera miklar og hafa þarf tvöfalt kerfi til að minnka hættu vegna þess.

Dælukerfi þurfa að vera sjálfvirk og einnig þarf að vera viðvörðunarkerfi sem gefur viðvörðun t.d. viðvörðunarhljóð í brú ef sjór kemst í rými innan skips.

Víða virðist vera brotalöm á að ástand akkerisfestinga sé fullnægjandi. Mörg dæmi eru um að ekki sé nógu vel hugað að búnaðinum t.d. þurfti nýlega að brenna gat á síðu skips til að ná keðjunni, sem ryðguð var saman, úr kassanum þegar skip var í slipp þó að búnaðurinn hafi verið skoðaður fyrir minna en ári síðan. Nauðsynlegt er að akkerisbúnaði sé haldið vel við sem og öðrum búnaði.

Fagna að langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna hafi verið hrint í framkvæmd. Þar eru unnin ýmis verkefni sem munu koma sjómönnum til góða.

STK tækið er ein besta nýjungin í öryggismálunum. Tækið felur í sér mikið öryggi þar sem nákvæm staðsetning skips sem tengt er kerfinu er alltaf þekkt.

Ég fagna að framvegis verði gerðar rannsóknir og skýrslur gefnar út um björgunarþátt sjóslysa. Það er mikil þörf á að vinna hlutina á þennan hátt.

Dæmi hafa verið um að erfitt sé að opna umbúðir um björgunarbúninga á neyðarstundu.

Ég hef prófað að rífa upp umbúðir á björgunarbúning um borð í mínu skipi og komst að því að mjög erfitt er að opna rennilásinn á pokanum og að plastið utan um búninginn er einnig of sterkt. Erfitt er að rífa plastið og jafnvel ekki hægt þó maður taki á því á réttum stað.

Varðandi smábáta á sumarhaffæri þá er ég undrandi á að þeir séu undanþegnir kröfum um gúmmíbjörgunarbáta. Hvað eiga mennirnir um borð að gera ef báturinn sekkur undan þeim? Það er ótrúlegt að miðað sé við að þeir geti synt í land þó hásumar sé.

Í sambandi við umræðuna um nýtt varðskip, þá tel ég að betra væri að fá nýja þyrilu. Ég bið þá fundargesti sem eru á sömu skoðun að rétta upp hendi (meiri hluti fundargesta rétti upp hendi).

Í skýrлу um björgunarþátt Svanborgarslyssins kemur fram að áhöfn björgunarþyrilu hafi ekki forgang í umferðinni þegar farið er í útkall. Þetta þarf nauðsynlega að skoða.

Ég hef verið mikið á minni bátum og því fylgst vel með hvernig aðrir á sambærilegum bátum haga sínum málum. Það eru oft óhugnalegar myndir sem sjást í fjölmiðlum um ofhleðslu smábáta. Tel að taka þurfi rækilega á þessum málum. Það hefur þó verið til bóta í öryggisátt eftir að mönnum var leyft að stækka báta sína án þess að missa rétt til að róa á tilteknum svæðum.

Varðandi STK hnappinn tel ég að menn veigri sér við að kalla eftir aðstoð nema allt sé komið í óefni. Held að menn eigi ekki að hika við að kalla eftir aðstoð þó að ekki sé allt komið í strand. Það er þó alltaf hægt að afturkalla hjálparbeiðni ef ástandið reynist ekki eins slæmt og útlit var fyrir.

Aftur í sambandi við varðskip eða þyrlu. Við sjáum það að þegar eitthvað kemur fyrir þá köllum við frekar á næsta skip en að bíða eftir varðskipi sem getur verið statt á fjarlægum miðum.

Framtíðarsýn mín er að hafa þurfi fleiri öflugar þyrlur hér á landi og að áhafnir séu á vakt allan sólarhringinn. Þetta kostar að vísu talsverða peninga en nauðsynlegt er að hafa sólarhringsvaktir, allavega þá mánuði þegar veður eru verst hér við land. Við þekkjum mikilvægi þess vel hér.

Höfuðáherlsu á að leggja á að gæslan fái nýja þyrlu og einnig að við sjálfir þ.e.a.s. sjómennirnir höfum hlutina ávallt í lagi.

Þakka áheyrnina.

Pétur Pétursson skipstjóri